

Skógarvörðurinn á Vöglum.

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRID 1983.

Íðleifur Sumarliðason.

Þatarfeskýrsla skógarvarðarins á Vöglum fyrir árið 1983.

1. V E Ð U R F A R A R S I N S.

1. Tíðarfarsyfirlit.

I janúar var suðlæg og suðaustlæg átt tíðust.
Hámark hita mældist 10.2 stig 27. janúar, lágmark -19.1 stig 17. s. m.
Meðalsnjóddýpt var 61 cm.

I febrúar var breytileg átt, en suðlæg og suðvestlæg átt var tíðust að tiltölu. Hita stöð ofan við meðallag.
Hámark hita mældist 10.0 stig 11. febrúar. Lágmark -18.8 stig 2. s. m.
Meðalsnjóddýpt var 43 cm.

I marz var breytileg átt, skiptust á norðlæg átt og s.-suð-vestlæg átt, nokkuð að jöfnu.
Hámark hita mældist 10.4 stig 1. marz, lágmark -14.7 stig 11. s. m.
Meðalsnjóddýpt var 25 cm.

I apríl var norðlæg átt lang tíðust að tiltölu.
Hámark hita mældist 7.6 stig 12. apríl, lágmark -17.6 stig 9. s. m.
Meðalsnjóddýpt var 60 cm.

Snjóflóð féll í Grefilsgili, norðan við Skarð í Gfýfubakkahreppi 17. apríl og tók af búnað og færði niður í Fnjóská. Þann 22. s. m. féll svo annað snjóflóð í sama gili og var þykktin á því áætluð 15 m.

I maí var norðlæg átt ríkjandi.
Hámark hita mældist 13.6 stig 27. maí, lágmark -4.1 stig 8. s. m. Á lágmarksmáli við jörð mældist frost alla daga nema sjö.

Meðalsnjóddýpt var 20 cm.
Þann 24. maí var frost víðast farið úr jörð í skóginum, þá var brum á lerki og birki farið að þrútna.

I júní var breytileg átt, norðlæg og n.-n.-vestlæg átt álfka tíðar og suðlæg og suð-vestlæg átt.

Hámark hita mældist 20.2 stig 30. júní, lágmark -2.9 stig 14. s. m.

Frost mældist sex sinnum á lágmarksmæli við jörð.

Snjór á jörð mældist 10 sinnum í mánuðinum.

Þann 6 júní var lerki farið að litkast og bum á birki að þrútna, tón að verða algræn. Þann 15. júní var lerki grænt yfir að líta, 19. s. m. var það algrænt og birki-skógurinn að byrja að litkast. Þann 23. var skógurinn grænn yfir að líta, varla þó alllaufgaður.

I júlí var breytileg átt en vestlæg átt þó einna tíðust.

Hámark hita mældist 20.9 stig 20. júlí, lágmark -0.9 stig 19. s. m.

Sláttur hófst 19. júlí, alment þó ekki fyrr en viku síðar.

I ágúst var einkum suðlæg eða suðvestlæg átt tíðust, en einnig var vestlæg átt nokkuð tíð.

Hámark hita mældist 17.5 stig 3. ágúst, lágmark -1.1 stig 23. s. m.

Frost mældist þrisvar á lágmarksmæli við jörð.

I lok mánaðarins var birkiskógurinn að byrja að gulna.

I september var nokkuð breytileg átt, aðallega var þó ríkjandi norðlæg og austlæg átt.

Hámark hita mældist 17.8 stig 13. september, lágmark -8.0 stig 28. s.m.

Frost mældist 20 sinnum á lágmarksmæli við jörð í mánuðinum.

Mikið lauffall var 24. sept. og var skógurinn að mestu lauflaus í lok mánaðarins.

Þann 23. sept. var lerki byrjað að gulna, þann 29. var mikið gult og byrjað að fella.

I október var breytileg átt, en norðlæg átt þó einna mest ríkjandi.

Hámark hita mældist 6.4 stig 6. október, lágmark -13.3 stig 28. s. m.

Meðalsnjóddýpt var 22 cm., mest 52 cm. 28. október.

I nóvember var suðlæg átt tíðust. Hámark hita mældist 9.6 stig 12. nóvember, lágmark -16.2 stig 29. s. m.

Meðalsnjóddýpt var 32 cm.

I desember var suðlæg átt tíðust, einkum s.- suð-vestlæg átt. Hámark hita mældist 7.4 stig 1. desember., lágmark -17.4 stig 23. s. m.
Meðalsnjóddýpt var 32 cm.

1. 2. Tafla yfir hita og úrkomumælingar í Lerkihlíð 1983.

| | <u>Meðalhiti C°</u> | | <u>Úrkoma mm.</u> | |
|-------------|---------------------|----------------|-------------------|------------------|
| Janúar | -4.5 | (-4.8) | 93.3 | (63.6) |
| Febrúar | -0.2 | (0.1) | 46.7 | (71.1) |
| Marz | -3.0 | (-1.9) | 63.2 | (42.0) |
| Apríl | -3.3 | (1.7) | 82.1 | (16.2) |
| Mai | 2.5 | (2.3) | 30.6 | (45.3) |
| Júní | 8.0 | (9.7) | 51.4 | (16.1) |
| Júlí | 9.7 | (11.1) | 45.8 | (48.2) |
| Agúst | 9.1 | (7.6) | 49.6 | (55.1) |
| September | 3.1 | (3.4) | 24.9 | (57.7) |
| Október | -0.2 | (2.1) | 203.0 | (116.6) |
| Nóvember | -1.8 | (-3.6) | 73.3 | (53.0) |
| Desember | -6.9 | (-4.1) | 79.7 | (81.3) |
| <u>Arið</u> | <u>1.0</u> | <u>(2.0)</u> | <u>833.6</u> | <u>(666.2)</u> |

Tölurnar í svigum sýna hita og úrkomu 1982.

1. 3. Meðalhiti júní- september var 7.5 stig.

2. V Ö X T U R O G Þ R I F T R J A G R Ö Ð U U R S.

2. 1. Laufgun og lauffall.

Þann 6. júní var lerki farið að litkast og brun á birki farið að þrútna. Um miðjan mánuðinn var lerkið grænt yfir og algrænt 19. s. m., nema alaskalerkið sem fylgir birkinu að mestu.

Þann 19. júlí var birkiskógurinn að byrja að litkast og þann 23. s. m. var skógurinn grænn yfir að líta, en þó varla allaufgaður fyrr en undir lok mánaðarins.

I lok ágúst var birkiskógurinn lítillega farinn að gulna, 11. sept. var hann talsvert gulur og 17. s. m. byrjaði lauffall lítillega. Mikið lauffall varð í hvassviðri 24. sept. og var skógurinn að mestu lauflaus í lok mánaðarins.

2. 2. Vöxtur.

Vöxtur á barrtrjám var í meðallagi, nema þá sérstaklega á lerki. Vöxtur á birki var með minna móti.

Við könnun sem gerð var hér í sýslunni sí. haust komu geinilega í ljós yfirburðir stafafurunnar í Þórðarstaða-skógi, af innlandskvæmi. Undirstrikar það enn mikilvægi þess að notuð séu rétt kvæmi, ekki síst við erfiðar aðstæður.

2. 3. Fræfall.

Líftið var af könglum á lerki, svolíftið á stafafuru og rauðgreni og talsvert á sitkabastarði, t. d. á Húsavík. Dálíftið var af birkifræi.

Ekki var ~~var~~afnað neinu fræi, enda virtist fræproski ekki nægur við athugun.

2.4. Skaðar á trjám.

I vor komu fram skemmdir á alaskaöspinni í gróðrarstöðinni, ennfremur á lerki hér í skóginum og viðar vegna frostanna hasustið 1982. Nú sé jafnvel í því asparkvæmi (oð) sem staðið hefur sig bezt, svo ekki sé talað um öll hin kæmin upp til hópa.

Enn má búast við skemmdum á ösp og lerki eftir frostin sl. haust, aðrar tegundir slæppa væntalega að mestu.

3. STARFSFOLK.

Breytingar á starfsfólki urðu þær, að Sigurpáll Jónsson og fjölskylda hans sem fluttu í Vaglírfir í maí 1982, flutti í Brúnagerði í byrjun maí. Hann stundaði samt vinnu hér og í Þórðarstaðaskógi eftir því sem við varð komið.

Í Vaglí fluttist Sigurður Reynir Gunnarsson, frá Akureyri, ásamt konu og þrem börnum.

Ráðskona var Svafa Hermannsdóttir.

Flest var starfsfólk á launaskrá í júní 23 manns.

Í starfsáætlun var gert ráð fyrir að fækka vinnustundum um rúm 10% í 17.500 stundir. Ekki tókst það að fullu og urðu vinnustundir rúmlega 18.000, enda kemur það ekki heim og saman, ef um leið er gert fyrir auknum tekjum.

4. GIRÐINGAR.

4. 1. Viðhald.

Venjulegt viðhald var minna en áður, en veruleg endurnýjun fór fram á þremur girðingum og víðar þarf að gera verulegt átak í þeim efnum, sérstaklega á Þórðarstaðgirðingunni.

Viðhaldskostnaður girðinga varð kr. 88.718.00.

Umsjón og smölum kr. 29.517.

Í Þórðarstaðagirðingu fóru 225 stævarar 6 f. fúav. og 150 stævarar 5 f. fúav., 2 hornstævarar og 4 rl. gaddavír.

A Þórðarstöðum var fjárhólfíð girt upp, en girðingin var slíguð staura lítil. Efni í hana er talið með að ofan.

Í Sándhaugagirðingu fóru 20 stævarar 5 f. fúav., 1 rl. gaddavír og 1 rl. vírnet.

Sigríðarstaðagirðing var girt upp á 600 m. kafla og fóru í það 50 stævarar 5 f. fúav. og 6 rl. gaddavír.

Kristnesgirðing var endurnýjuð á 600 m. kafla og fóru í það 80 stævarar 6 f. fúav., 60 rekavíðarstævarar, 3 hornstævarar og 1. rl. gaddavír. Vírnet var til á staðnum.

Birgðir af girðingarefni í árslok:

2 rl. gaddavír
25 - vírnet
1 - bindivír
3/4 - sigavír

5. SKÓGARHÖGG.

5. 1. Viður.

Skógarhöggið fór fram í Vaglaskógi, aðallega í teitum nr. 511, 512, 513, 514 og 305. Einnig var farið um norðurhluta skógarins, ofan og neðan vegar og höggvin toppþurr tré.

Tekjur af skógarafurðum voru: (án sölusk.)

| | | |
|---------------------|-----|-------------------|
| Staurar..... | kr. | 13.328.00 |
| Efniviður..... | - | 49.126.00 |
| Arinnviður 1090 sk- | | 57.581.00 |
| Reykviður..... | - | 110.575.00 |
| Birkikurl..... | - | 18.095.00 |
| Plattar o. fl..... | - | <u>37.906.00</u> |
| Samtals | | <u>286.611.00</u> |

Skógarhögg og viðarsala á Vöglum 1983.

| | <u>Staurar</u> <u>5 stk.</u> | <u>Staurar</u> <u>4 stk.</u> | <u>Efniv.</u> <u>tonn</u> | <u>Reykv.</u> <u>tonn.</u> | <u>Arinnv.</u> <u>tonn</u> | <u>Samtals</u> <u>Krónur</u> |
|----------------|---------------------------------|---------------------------------|------------------------------|-------------------------------|-------------------------------|---------------------------------|
| Sala 1983 | 60 | 216 | 4.00 | 57.140 | 22.500 | 286.611 |
| S.r Vöglum | 200 | 325 | | 3.000 | | 40.800 |
| Birgðir, unnið | 310 | 1300 | 5.00 | 840x) | 5.000 | 149.010 |
| " óunnið | 550 | 800 | 4.00 | 20.000 | | 56.300 |
| | <u>1120</u> | <u>2641</u> | <u>13.00</u> | <u>80.890</u> | <u>27.500</u> | <u>532.721</u> |
| Birgðir '82 | <u>620</u> | <u>1760</u> | <u>9.00</u> | | | <u>86.050</u> |
| Högg 1983 | <u>500</u> | <u>881</u> | <u>4.00</u> | <u>80.980</u> | <u>27.500</u> | <u>446.671</u> |
| Tonn | <u>2.50</u> | <u>6.61</u> | <u>4.00</u> | <u>80.980</u> | <u>27.500</u> | <u>109.791</u> |

x) Birgðir af birkikurli til reykinga.

Framleidd voru um 3.5 tonn af birkikurli til reykinga og annaðist heildv. Valdemars Valdemarssonar í R.vík dreifingu og er það magn talið með í samantekt yfir reykið.

Vinnustundir við skógarhögg voru 2.777 og laun og launatengd gjöld kr. 315.579.

5. 2. Jólatré.

I nóvember voru fell 1.438 jólatré á þeim stöðum er nú greinir:

| | <u>Rauðgreni</u> | <u>Stafafura</u> | <u>Fjallab.</u> | <u>Samtals</u> |
|--------------------------|--------------------|------------------|-----------------|----------------|
| Vaglaskógur..... | 292 | 45 | | 337 |
| Lautaskógur..... | 112 | 48 | | 160 |
| Þórðarstaðaskógur..... | 297 | | | 297 |
| Sigríðarstaðaskógur..... | 217 227 | 5 | | 222 |
| Fellsskógur..... | 263 | | 57 | 320 |
| Asbyrgi..... | 50 | | | 50 |
| Kristnes..... | 10 | | | 10 |
| Vagfir, þelamörk..... | 42 | | | 42 |
| Samtals | 1.283 | 98 | 57 | 1.438 |

Trén skiptust þannig eftir stærð:

| <u>Stærð</u> | <u>Rauðgreni</u> | <u>Stafafura</u> | <u>Fjallab.</u> | <u>Samtals</u> |
|----------------|------------------|------------------|-----------------|----------------|
| 70-100 | 48 | 4 | 6 | 58 |
| 101-125m | 271 | 30 | 13 | 314 |
| 126-150 | 353 | 33 | 27 | 413 |
| 151-175 | 254 | 30 | 9 | 293 |
| 176-200 | 225 | | 2 | 227 |
| 201-250 | 60 | 1 | | 61 |
| 251-300 | 11 | | | 11 |
| 301-400 | 8 | | | 8 |
| 401-500 | 2 | | | 22 |
| 501-500 | 2 | | | 2 |
| Samsett | 49 | | | 49 |
| Samtals | 1.283 | 98 | 57 | 1.438 |

Farnar voru söluferðir til Dalvíkur, Húsavíkur og Mývatnssveitar.

Flutt voru inn 1500 kg. af greinum frá Danmörku og talsvert af því selt í heildsölu til verzlana norðanlands og reynt að ná aftur hluta af þeim markaði sem Landgræðslu-sjóður hefur tapað.

Tekjur skiptust þannig:

| | <u>Sala</u> | <u>Aðkaypt.</u> | <u>Mism.</u> |
|---------------------|----------------|-----------------|----------------|
| Jólatré..... | 436.823 | 8.900 | 427.923 |
| Innfl. greinar..... | 175.920 | 128.091 | 47.829 |
| Ísl. greinar..... | 13.631. | | 13.631 |
| Könglar..... | <u>1.596</u> | | <u>1.996</u> |
| <u>Samtals</u> | <u>627.970</u> | <u>128.991</u> | <u>490.979</u> |

Tekjur eru án söluskatts.

Kostnaður við töku á jólatrjám, búntun á greinum, sölu og afhendingu var kr. 126.729.- vinnustundir 1.000.

6. GRÖÐRARSTÖÐ.

6. 1. Fræplöntur.

Sáning hófst 7. júní og lauk 9. s. m. Skógræktarstjóri fyrirskipaði að minka sáningu um þriðjung og var sáð 13.28 kg. af fræri í 240 m².

Sáningin tókst vel, nema hvað plönturnar voru í smærri lagi s.l. haust enda seint sáð.

6. 2. Dreifsetning.

Dreifsetning hófst 14. júní og stóð yfir út júní.

Vafðar voru 102.400 plöntur í móbönd,

Dreifsettar voru 112.800 plöntur.

Stungið 26.700 græðingum.

Afhentar voru 26.260 dreifsetningarplöntur.

Aætlaðar eru 188.300 plöntur til dreifsetningar 1984.

6. 3. Garðplöntur.

Garðplöntur voru seldar fyrir kr. 665.287, skjólbeltaplöntur fyrir kr. 14.094.- og auk þess sendar garðplöntur að Laugabrekku fyrir kr. 20.830.00

Nú voru aðeins farnar sölufærðir til Dalvíkur og Húsavíkur, vegna þess hve seint voraði.

Hætt er við frostskeiddum á alaskaösp eftir frostin s. 1. haust.

Afhentar voru 27.417 garð- og skjólbeltaplöntur sl. ár og eru 59.978 plöntur áætlaðar til afhendingar 1984. Ákveðið hefur verið að hætta uppeldi garðplantna.

6. 4. Afhending skógarplantna.

Afhentar voru 112.026 plöntur, um 22.000 plöntum færra en áætlað.

Tveggja ára birkið gekk ekki út, stafafura þakki heldur og sama má segja um lerkíð. Orsökkin skipulagsleysi afhendingar á plöntum til skógræktarfékaga, svo að minna varð úr gróðursetningu hér vegna mannfæða.r.

Áætlaðar eru 165.450 plöntur til afhendingar næsta vor og sumar.

6. 5. Nýfrankvæmdir.

Komið var upp gróðurhúsi sömu gerðar og stærðar og því sem byggt var 1982, nema hvað á því er Filmtex-plastdúkur. Eftir er þó að ganga frá hurðum á báðum húsunum o. fl. smávegis.

Ennfremur var byggt lítið stiklingahús, 4.20x5.25, úr tvöföldu Thermoclearplasti. Í það var keypt þoku-úðunarkerfi.

Búið er að kaupa efni í enn eitt 200 m² gróðurhús, nema plastdúkin, en litlu húsin, sem hér eru, eru nánast ónýtt.

Allar þessar framkvæmdir unnar af starfsmönnum hér, engin aðkeypt vinna.

6. 6. Ýmislegt.

Keyptur var áburðarblandari og verður hann tekin í notkun að vori.

6. 7. Sala og afhending.

Verðmæti seldra og afhentra trjáplantna:

| | | |
|---------------------------|-------------|---------------------|
| Seldar garðplöntur..... | kr. 665.287 | |
| Afhentar " | - 20.830. | |
| Skjólbeltaplöntur..... | - 14.094 | |
| Seldar skógarplöntur..... | - 304.338 | |
| Afhentar / | - 357.548 | |
| | | <u>Kr.1.362.097</u> |

6. 8. Kostnaður.

Vinnulaun og launatengd gjöld 1983:

| | | | |
|-------------------------|------------|--------|----------|
| Verkstjórn..... | kr. 87.317 | - 799 | vinnust. |
| Ræktun skógarpl..... | - 245.514 | - 2668 | " |
| Hreinsun " | - 45.681 | - 505 | " |
| Ræktun garðplantna..... | - 252.528 | - 2595 | " |
| Jarðabatur..... | - 3.992 | - 40 | " |
| Vetrarumbúnaður..... | - 11.096 | - 102 | " |
| Afgreiðsla..... | - 19.013 | - 214 | " |
| Umhverfi..... | - 8.566 | - 105 | " |
| Ósundurliðað..... | - 4.693 | - 40 | " |

Kr. 678.400 - 7066 vinnust.

7. GRÓÐURSETNING.

Tafla yfir tegundir, kvæmi og magn.

| | <u>Tegundir</u> | <u>Aldur</u> | <u>Kvæmi</u> | <u>Reitur</u> | <u>Plöntufj.</u> |
|----------------|-----------------|--------------|--------------|---------------|------------------|
| Vaglaskógur | Stafafura | 2/2 | Skagway | 323 | 1.650 |
| " | Rússalerki | 1/1 | Modo | 323 | 1.650 |
| " | Stafafura | 2/2 | Skagway | 211 | 450 |
| " | Broddfura | 2/5 | Cost. Cr. | Bærandhgr.b. | 250 |
| " | Blágreini | 2/4 | H. S. | " | 50 |
| " | Fjallap. | 2/4/4 | Skagway | Eyrarfl. | 250 |
| " | Blágreini | 2/4 | H. S. | " | 250 |
| " | Broddfura | 2/5 | Cost. Cr. | " | 150 |
| " | Rússalerki | 1/1 | Modo | Hálsmóar | 300 |
| | | | | | <u>5.000</u> |
| Vaglin, þelam. | Stafafura | 2/2 | Skagway | | 22.200 |
| " | Rússalerki | 1/1 | Modo | | 1.250 |
| " | Sib.lerki | 1/1 | Sönsterud | | 8.450 |
| | | | | | <u>31.900</u> |
| Öxnafell | Alaskaösp | | | | 215 |
| " | Birki | 2/3 | Andselv | | 360 |
| | | | | | <u>575</u> |
| Fellsskógur | Stafafura | 2/2 | Skagway | | 1.500 |
| | <u>Samtals</u> | | | | <u>38.975</u> |

Gróðursetning hófst um þriðjan júní og lauk um mánaðarmót.
 Kostnaður varð kr. 64.093.00

8. HIRÐING PLANTNA.

Í Fellsskógi voru bornir á barrplöntur 5 sk. af áburði. Þar var einnig haldið áfram umhirðu plantna.

Í Vaglaskógi var snyrt lerki í reit 323.

Í Lautaskógi var hreinsað frá rauðgreni utan Búðagils, ofan vegar.

Í Þórðarstaðaskógi var hreinsað frá rauðgreni sunnan Beitarhúsatófta, ofan vegar.

Í Kristnesi og í Grundarreit var unnið að snyrtingu og einnig snyrt lerki í Öxnafell.

Kostnaður 67.031.-, 558 vinnustundir.

9. BYGGINGAR.

9. 1. Viðhald.

Á Vöglum I var unnið að lagfæringum á fjósi, sem á að verða geymsla og þvottahús, en ekki lokið.

Í starfsmannabústað var lagfært bað og þvottaðstaða og keyptur stálvaskur. Þar var málað bað og þvottaherbergi og fremri gangur.

Á Vöglum II var lagfærð raflögn sækv. ósk eftirlitsmanns.

10. VELAR OG VERKFERI.

Keypt var vörubifreið, þ. 3928, Mercedes Benz, áfgerð 1976. Kaupverð 650.000.-

Ennfremur var keypt viðarsög f. dráttarvél, áburðarblandari fyrir gróðrarstöðina, 2 kújusagir og 2 kjarrsagir af Jobu-gerð.

Greiddar voru kr. 10.000.- úpp í viðarkolaofn, sem var sáðaður að tilstuðlan viðarnýtingarnefndar, en ofninn kostaði um kr. 70.000.-

11. Y M I S L E G T.

11. 1. Ferðalög og fundahöld.

Sat að venju aðalfund og stjórnarfundir skógræktarfélagss S.-Þingeyinga.

Fór austur að Hallormsstað í byrjun ágúst og sat fund með Nordiska skogsarbetsstudíernes ráð.

Tók á mótum þátttakendum í Subartic Birch Project meeting í september.

11. 2. Ferðafólk.

Ferðafólk var færra en árið áður.

Tekjur af hjólhýsum voru kr. 41.325 og af tjaldstæðum kr. 67.010.-, alle kr.

Kostnaður var talinn 25.659.-, 261 vinnustundir.

11. 3. Annað.

Jón Helgason, Kálfborgarhá, Bárðardal, óskar eftir aðstoð við að girða og friða um 300 ha. lands, að hluta er þar álitlegur birkiskógur.

Garðar Jónsson, Stóruvöllum, Bárðardal, býður fram skógi vaxið land til friðunar.

Guðmundur Ólason, Smjörhóli, Óxarfirði biður um aðstoð til að girða 4-5 ha. af fallegu skóglendi.

Jarðýttan kem hingað frá Hallormsstað í september. Var unnið nokkuð með henni í sept. og okt. mest við vegagerð í Melaskóg og Skuggabjörg.

Í landi Skuggabjarga var plógherfað um 6 ha. lands, fjalladrapamóðar, ætlaðir til gróðursetningar. Ýtustjóri var Benedikt Blöndal.

Vöglum 30. marz 1984.